Fullgild rafræn undirskrift
NANNA KRISTJANA TRAUSTADÓTTIR
2025-09-29 15:34:47 GMT
Ástæða: Undirskrift

Fullgild rafræn undirskrift
THEÓDÓRA SIGURÐARDÓTTIR
2025-09-29 15:37:16 GMT
Ástæða: Undirskrift

Fræðslunetið símenntun á Suðurlandi ses.
Kt. 641199-2579
Bankavegur
800 Selfoss

Dagsetning **29. september 2025**
Málsnúmer MRN25080128

Viðurkenning Fræðslunetið símenntun á Suðurlandi ses. sem fræðsluaðili í framhaldsfræðslu, tímabilið 29.september 2025-29.september 2028

Vísað er til umsóknar Fræðslunetsins símenntunar á Suðurlandi, kt. 641199-2579, dags. 15.ágúst 2025, þar sem sótt er um endurnýjun viðurkenningar sem fræðsluaðili í framhaldsfræðslu.

Mennta- og barnamálaráðuneytið fer með málefni framhaldsfræðslu skv. lögum um framhaldsfræðslu nr. 27/2010. Ráðherra, eða aðili sem hann felur það verkefni, veitir fræðsluaðilum viðurkenningu til þess að annast framhaldsfræðslu, sbr. 7. gr. laganna.

Ráðuneytið hefur metið umsókn og önnur framlögð gögn um starfsemi Fræðslunetsins símenntunar á Suðurlandi út frá þeim skilyrðum og viðmiðum sem fram koma í lögum um framhaldsfræðslu nr. 27/2010 og reglugerð um framhaldsfræðslu nr. 1163/2011 og telur fræðsluaðilann uppfylla skilyrði til að hljóta viðurkenningu til að annast framhaldsfræðslu.

Á grundvelli þess er að framan greinir veitir er Fræðslunetinu símenntun á Suðurlandi, veitt viðurkenning til þess að annast framhaldsfræðslu til þriggja ára. **Gildistími viðurkenningar er tímabilið 29.september 2025 – 29.september 2028.**

Í viðurkenningu felst staðfesting á því að starfsemi fræðsluaðilans uppfylli, á þeim tíma sem viðurkenningin er veitt, almenn skilyrði laga um framhaldsfræðslu nr. 27/2010 og reglna sem settar eru með stoð í þeim. Viðurkenning felur hvorki í sér skuldbindingu um fjárframlög úr ríkissjóði til viðkomandi fræðsluaðila eða ábyrgð á skuldbindingum hans. Fræðsluaðili ber sjálfur alla ábyrgð á eigin skuldbindingum og starfsemi.

Fræðsluaðili skal hafa frumkvæði að því að upplýsa ráðuneytið án tafar um breytingar sem kunna að verða á starfsemi eða aðstöðu hans sem viðurkenning þessi byggir á. Uppfylli fræðsluaðili ekki lengur skilyrði laga nr. 27/2010 um framhaldsfræðslu eða fyrirmæli sett samkvæmt þeim getur ráðherra afturkallað viðurkenninguna.

Umsókn um endurnýjun viðurkenningar þessarar þarf að berast ráðuneytinu ásamt fullnægjandi gögnum a.m.k. þremur mánuðum áður en gildistíma hennar lýkur.

F.h. ráðherra
Theódóra Sigurðardóttir

F.h. ráðherra
Nanna Kristjana Traustadóttir